

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, þriðjudaginn 9. apríl var haldinn 374. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 13:00. Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fengur Garðabæ, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi. Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði boðaði forföll. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá fundi sem þeir ásamt fulltrúa Garðabæjar áttu með skíðaráði Reykjavíkur og Skíðagöngufélagið Ulli um ýmis mál á skíðasvæðum.
2. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 6. apríl sl. varðandi stöðuna í fjöllunum. Aðeins var opið í 13 daga í mars. Bláfjallagan var haldinn 30. mars og gekk mjög vel. Nægur snjór er enn í fjöllunum og vonast er til að hann haldi fram yfir páska.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir þjónustukönnun Reykjavíkurborgar sem snýr að skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Fundi slitið kl. 14:00.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fengur
Halla Karí Hjaltsted

Magnús Örn Guðmundsson
Rúnar Bragi Guðlaugsson